

Hvað vita ungmennin?

Fjalla þarf um geðsjúkdóma í skólum til að búa nemendur undir þátttöku í þjóðfélaginu segir Einar G. Kvaran.

Degar móðir mín lærði um geðsjúkdóma, af norska sálfræðingnum Einari Kringlen, í upphafi átunda áratugarins voru þeir tveir: Nevrosur og síkósur. Þrátt fyrir að flokkunarfræði Kringlen gefi ef til vill ekki rétta mynd af



Einar G. Kvaran.

stöðunni eins og hún var er ljóst að þróunin hefur getið af sér fleiri sjúkdóma. Hlutfall einstaklinga með geðgreiningar hefur einnig farið hækkandi. Á heimasíðu Geðhjálpur er il dæmis vitnað í Alþjóðlegu heilbrigðismálastofnunina (WHO) um að 22-24 prósent fólks veikist á geði einhvern tíma á lífsleiðinni.

Eitt af yfirlýstum markmiðum skólakerfisins er að búa nemendur undir að verða virkir þjóðfélagsþegnar. Þegnar sem eiga annaðhvort eftir að veikjast á geði eða verða aðstandendur samkvæmt WHO. Þetta eru sterk rök fyrir því að unnið sé með þessi mál á heildstæðan og skipulegan hátt í skólum. Í þessu samhengi er til dæmis hægt að vinna með viðhorf ungs fólks til orða og hugtaka sem tengjast umræðu um geðsjúkdóma.

Á árunum 2007 og 2008 fór ég í nokkra framhaldsskólabecki með kynningu á Geðhjálp. Degar ég spurði nemendur hvað kæmi fyrst upp í hugann þegar þau heyrðu orðið geðveiki eða geðveikur var svarið oft: a) félagslega einangraðir og illa til hafðir öryrkjar, eða b) stjórnllausir og siðlausir glæpamenn. Þetta er ekki gagnlegt vegnasti fyrir þá sem eiga sjálfir eftir að glíma við geðveiki í einhverri



Einar kannaði nýlega skilning nema í MH á geðsjúkdómum og fannst lítið um neikvæðar staðalmyndir og klisjur í viðhorfum til þessa hóps miðað við fyrri reynslu.

mynd. Nýlega ákvað ég að kanna þessi mál nánar og fékk að leggja spurningalista fyrir heimspeki-nema í MH. Beðið var um álit á vel völdum hugtökum. Svörin voru oft frumleg og drógu upp myndir af ólíkum hliðum geðveikinnar. Miðað við fyrri reynslu fannst mér lítið um neikvæðar staðalmyndir og klisjur í viðhorfum þessa hóps. Hér að neðan er samantekt á því helsta sem kom fram. Umfang

textans býður ekki upp á greiningu eða miklar vangaveltur. Lesendum er því látið eftir að rýna í niðurstöðurnar og meta þær.

MIKILVÆGT AÐ RÆÐA MÁLIN

Flest tengdu orðið geðveiki einfaldlega við andlegt ójafnvægi. Þau svör sem skáru sig úr voru: a) að geðveiki sé veikindi sem geti lagst á alla; b) manneskja sem er hættuleg sjálfum sér og öðrum; c)

afsökun okkar „venjulega fólksins“ til að loka fólk inni sem sér hlutina í öðru ljósi en við. Þunglyndi var tengt því að lifa í vonleysi eða að vera hjálparþurfi. Sum lögðu áherslu á að órökréttar hugsanir eða sjálfsvígshugsanir væru ein-kennandi og að sjúkdómurinn væri algengari en almennt væri haldið.

Um það bil helmingur þekkti til geðhvarfasýki. Einn tengdi hana við að fá köst „af og til“. Aðrir nefndu einstaklinga með þennan sjúkdóm, sem þeir þekktu eða höfðu hitt. Geðhvarfasýki var eins skilgreind sem skyndilegar skap-sveiflur og mismunandi tegundir þunglyndis. Mun fleiri könnuðust við mánu. Meðal þess sem nemendur tengdu við hana var tíma-bundin sturlun, veruleikafirring og að vera ýmist mjög glaður eða mjög leiður. Henni var einnig lýst sem þráhyggju. Að festast í fari, kynna sé eitthvað út í ystu æsar og tala um það fram og tilbaka.

Flest þekktu til geðklofa, sem margir tengdu við bíómyndir svo sem *A Beautiful Mind*, Engla alheimsins og *Me, Myself and Irene*. Annað sem kom upp var að heyra raddir og vera með rang-hugmyndir. Að vera með klofinn persónuleika eða með tvo persónuleika. Almennt voru hugmyndir nemenda um þennan sjúkdóm óljósar. Mikils samræmis gætti hins vegar varðandi félagsfélina, það er að þeim sem væri með félagsfélni liði illa í návist annars fólks. Fleiri virtust þekkja einstaklinga með félagsfélni en hina sjúkdómmana.

Þrátt fyrir að tilgangurinn hafi fremur verið að skapa umræðu en draga ályktanir er rétt að geta þess að 20 nemendur af 23, það er 87 prósent, sögðust þekkja einhvern sem ætti eða hefði átt við geðröskun að stríða. Þetta bendir til þess að mikilvægt sé að hugsa, skoða og ræða þessi mál í skólanum.

Einar G. Kvaran, meðlimur í stjórn Geðhjálpur.